



# Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

## Starfsárið 2015 - 2016

<b>Fundur:</b> 2. fundur stjórnar	<b>Staður:</b> Kennarastofa Hvaleyrarskóla	<b>Dags:</b> 17.nóv	<b>tími:</b> 20-21
<b>Mættir:</b> Guðrún Erla, Helga Guðlaug, Helga Veronica, Petrína, Jóhanna og Sveindís. <b>Forföll:</b> Ásbjörg, Íris			

### Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Niðurstaða skólaráðsfundar
2. Foreldrafélagsgjöld
3. Helstu fundir skólaársins
4. Bekkjjarfulltrúar
5. Fundargerðir á heimasíðu
6. Önnur mál

### 1. Niðurstaða skólaráðsfundar

Leiktækin, okkar leiktæki eru komin upp. Skólinn er búinn að velja gormatæki í stað hreiðurrólunnar. Þarf að kynna á facebooksíðunni okkar.

Skólalæping/nemendalæping, stendur til að starta því. Verður gert í skólanum með nemendum. Ekki gert ráð fyrir aðkomu foreldra. 2 klst þar sem raddir nemenda heyrast.

Skólamatur

Sveindís ættlar að senda fyrirspurn um grænmetið. Ósk foreldrafélagsins er að heilsuteymið skoði matinn sem er í boði og geti metið hann fyrir foreldra.

Göngur foreldrafélagsins voru kynntar.

### 2. Foreldrafélagsgjöld

Erum að senda þetta seint út, skrá í handbók að senda þær út í september. Fóru út í nóvember núna. Guðlaug Helga skrifar hjá sér að senda þær næst í september.

### 3. Helstu fundir skólaársins

Eineltisteymið, fundur verður 16. desember. Allir úr stjórn mega mæta.

Nemendaráði verður boðið á næsta fund hjá okkur (í desember eða janúar). Hvað getum við gert til að styðja við þau? eru þau að fá næga hjálp frá fullorðnum í skólanum? Getum reynt að finna út hvernig við getum stutt við þau, t.d. eins og þegar kemur að fjáröflun og öðru. Fá Salvöru frá Verinu og Holtaseli á sama fund, hitta krakkana fyrst og svo Salvöru. Getum reynt að finna kvöld þar sem Verið er opið til að auðvelda þeim að koma. Sennilega er betra að hitta þau í janúar þar sem þau eru á fullu að undirbúa fjáröflun núna í desember.

Forvarnarfulltrúi, Geir. Viljum við fá hann til að tala við okkur í stjórninni eða koma og hitta bekkjarfulltrúa (og aðra foreldra jafnvel líka). Viljum reyna að fá opinn fund þar sem allir geta mætt.

### 4. Bekkjjarfulltrúar

Bekkjartenglistinn er kominn inn á síðu skólans.

### 5. Fundargerðir á heimasíðu



## Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

### Starfsárið 2015 - 2016

þarf að senda Kristni fundargerðirnar. Petrína ætlar að gera það. Vantar nokkrar fundargerðir frá síðasta vinnuári. Senda á PDF formi.

#### 6. Jólaföndur

Pakkningarnar kostuðu 500 kr í fyrra og við seldum á kostnaðarverði. Ætlum að gera það aftur núna, viljum ekki hafa óhentuga tölu sem verð. Þurfum að kaupa fleiri pakkningar en í fyrra. Heimaföndur Halldóru (konan heitir Margrét)

þarf að gera auglýsingu. Verður 5. des frá 11-13. Passa upp á að benda fólki á að klára áður en tíminn verður búinn. Hverjir komast? Helga G getur verið til 12, Sveindís kemst eitthvað, Helga Veronika kemst, Petrína kemst ekki, Guðrún Erla kemst eitthvað, Ásbjörg kemst ekki, Íris kemst eitthvað.

#### 7. Bókakynning

Helga V. Leggur fram bréf frá Arnóri, Óla Gunnari og Bryndísi varðandi kynningu á bók þeirra (gigg) í skólanum. Kostar 15.000-20.000 og við viljum kaupa þessa kynningu frá þeim fyrir 6.-9. (jafnvel 10. bekk líka). Látum skólann vita af því

#### 8. Önnur mál

Íþróttakennsla, samkennsla heilla árganga og fleira. Þarf að taka upp á næsta skólaráðsfundi.

Fíestan, upp kom rúðubrot í sleepover hjá Verinu þar sem enginn viðurkenndi að hafa gert það. Börnunum var sagt að nemendur í 10. bekk fengu ekki að fara á Fíestuna nema gerandi gæfi sig fram. Morgunmatur var ekki í boði eftir sleepover út af þessu. Nú er fíestan á dagskrá og þessi viðbrögð virðast hafa verið harkaleg. Allir bekkir fá að fara á fíestu. Taka upp á skólaráðsfundi og spyrja út í þetta.

Bingó, 10. bekkur er að halda það í fjáröflun. Hefur alltaf verið páskabingó en verður núna jólabingó. Verður 9. desember og þau eru að undirbúa þetta. Þyrfti að koma þessu inn í handbókina til að skapa hefðina (páskabingó þ.e.a.s.).

Foreldraröltið, þarf að koma því í gang. Helga Guðlaug ætlar að útbúa skipulagið. Þarf að byrja föstudaginn eftir tvær vikur. Sleppa röltinu í jólafríinu.

Benda þarf kennurum á að þegar inn koma nýir nemendur þarf að segja foreldrum frá facebookhópi foreldrafélagsins og einnig ef það er facebookhópur foreldra í bekknum.

Kvartað yfir því hvernig við kynntum Þorgrím Þránínsson. Hefðum þurft að senda fyrr til foreldra og jafnvel til skóla til að láta birta á heimasíðu skólans. Þarf að endurskoða hvernig verklag okkar er varðandi kynningar sem við stöndum fyrir.

Þorgrímur Þránínsson. Fyrirlesturinn tókst vel, ekki mikil mæting en við settum inn viðburðinn á facebookhóp foreldrafélagsins um leið og hann var bókaður og póst til foreldra daginn sem fyrirlesturinn var. Við viljum fá hann aftur fyrir 8. og 9. bekk eftir jóla þar sem líklega hættir hann eftir þennan vetur. Hann er laus í byrjun janúar og lætur okkur vita hvenær hann kemst. Skólinn ætlar að kanna hvort það hentar.

Heilsumarkþjálfari, Hrönn Hjálmars hefur áhuga á að koma með fyrirlestur fyrir foreldra. Þarf að kynna og hún ætlar að senda upplýsingar um þetta.

**Fundi slitið kl. 21.20**